

Umsögn foreldraráðs Leikskólans Grænatúns á starfsáætlun 2014-2015

Inngangur/almennt

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að gef umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt

Umsögn:

Starfsáætlun Leikskólans Grænatúns 2014-2015 lýsir starfsemi leikskólans mjög vel. Þeim markmiðum, áherslum og leiðum sem unnið er eftir. Það er tekið á þeim þáttum sem snúa að börnunum, foreldrum og ekki síst starfsfólkinu.

Það vantar hins vegar í áætlunina betri lýsingar á hvernig við tengjum saman markmið og leiðir. Í sumum tilvikum er lýst hvernig eða hvað eigi að gera en ekki svarað spurningunni afhverju og hversvegna. Einnig vantar tímasettar úrbætur (liður 2.3) t.d. hvenær eiga úrbætur að vera komnar í gegn. Fyrir..

Það bera að taka fram að í markmiðslýsingum á „Trölladeild“ kemur þetta fram undir lið um hreyfingu og myndlist sem er til fyrirmynda.

Það vekur athygli að það er búið að tímasetja starfsdaga fram á vor en efnistöð og markmið með dögnum liggur ekki fyrir. Þetta er líka í samræmi við athugasemdir foreldraráðs síðastliðin vetur.

Við teljum okkur ekki í aðstöðu til að leggja mat á faglegt starf skólans sem fram kemur í áætlun að öðru leiti en því að það er ekki alltaf ljóst hver mælikvarðinn á árangur er.

Vísað er í tvönn skjöl sem eiga að vera til á leikskólanum. Annars vegar viðbragðáætlun og hins vegar starfsmannahandbók. Það væri eðlilegt að þessi skjöl væri sem viðhengi við starfsáætlun svo hægt sé að leggja heilstætt mat á áætlunina. Tekur t.d. viðbragðáætlun bara til bruna eða líka slysa á börnum, hættur á leikskólanum og lóðinni osfrv.

Lokaorð:

Starfið í Leikskólanum Grænatúni er til fyrirmynda og börnin hafa fengið að blómstra þar. Tekið er á málum af festu og boðið uppá skemmtilega samveru foreldra, barna og starfsmanna reglulega yfir veturinn. Við teljum að þessi áætlun endurspegli það þrátt fyrir fáeina afmarka sem beint er á í þessari umsögn.

Foreldraráð Leikskólans Grænatúns

Jón Ingvar Bragason

Jóhann Þórsson